

102 þeir þá leitast við að fá það leiðrétt. Takist það ekki, ber þeim að rita athugasemdir  
20. des. sínar þar að lútandi á byggingarbréfið.

Úttekt á jörð skal fram fara fyrir 20. júní.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum allt að kr. 3000.00. Mál út af brotum á lögum þessum svo og rannsókn sú, er um ræðir í 2. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

6. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 22 7. maí 1940, um breyting á ábúðarlögnum, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við ákvæði laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 87 19. júní 1933 og gefa ábúðarlögin út svo breytt.

*Gjört í Reykjavík, 20. desember 1945.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Pétur Magnússon.*

103

20. des.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

a. Aftan við 1. málsg. 7. gr. laganna bætist:

Kjörgengir eru einnig þeir, sem átt hafa heimili í kaupstaðnum eða hreppnum að minnsta kosti þrjá mánuði fyrir kjördag og uppfylla skilyrði 6. greinar.

b. 2. málsg. sömu greinar falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 20. desember 1945.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Finnur Jónsson.*